

Sæl og blessuð Bryndís Ósk

Mér þótti leitt að geta ekki komið á fundinn, en þigg að koma á fund seinna. Datt í hug að senda þessa punkta ef mál *Svarta pakkhússins* verður eitthvað til umræðu á morgun.

- Mjög gott að framtíð hússins sé komin á dagskrá hjá menningarnefnd Ísafjarðar og verður vonandi til þess að mótaðar verði skynsamlegar tillögur um framtíð elstu húsbyggingarinnar sem nú er uppistandandi á Flateyri.
- Húsið var byggt sem fiskgeymsluhús um 1865 og æskilegast að þar verði í framtíðinni starfsemi er tengist á einhvern hátt upprunalegu hlutverki byggingarinnar.
- Búið er að verja miklu fé í endurbyggingu pakkhússins. Vegna skorts á framtíðarsýn um starfsemi í húsinu koma svör Ísafjarðarbæjar við fyrirspurn okkar í vetur ekki beinlínis á óvart, en voru vissulega mikil vonbrigði. Svo virðist sem ekki sé gert ráð fyrir neinni starfsemi í húsinu þar sem hvorki er gert ráð fyrir rennandi vatni, hita eða stiga á loftið sem var þó fyrir hendi í húsinu á árum áður meðan það var notað. Hvað með rafmagnið?
- Það er stefna Minjaverndar¹ að í húsum, sem búið er að verja miklu fé til að byggja upp, sé lifandi starfsemi. Markviss uppbygging áhugaverðra staða við sjávarsíðuna er að hluta tilkomin vegna þess hve nauðsynlegt það er að bjóða ferðamönnum upp á eitthvað sem fræðir bæði um sögu og samtíð. Vonandi eykst ferðamannstraumur á ný sem allra fyrst
- Með lifandi starfsemi í *Svarta pakkhúsinu* eru góðir möguleikar á að mæta kröfum ferðamanna um upplifun, fróðleik og skemmtun, en ekki nema þar sé hægt að bjóða starfsmanni/mönnum upp á salernisaðstöðu og starfsaðstöðu í upphituðu húsi.
- Við þökkum fyrir að fá tækifæri til að segja nefndinni frá aðkomu okkar að því sem gert hefur verið allt frá því að þáverandi Húsafriðunarnefnd veitti styrk til að flytja pakkhúsið á núverandi stað og tillögum Hjörleifs Stefánssonar þá. Nú er meira en áratugur liðinn frá þessum fyrstu aðgerðum.

Bestu kveðjur,

f.h. félagsins *Hús og fólk*

Jóhanna Kristjánsdóttir

¹ Ég vísa hér til símtals míns við Pétur Ármannsson, arkitekt, nú í janúar.